

## Fundargerð 155. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 19. ágúst 2021 kl. 11:00 á skrifstofu VM Stórhöfða 29 og í gegnum fjarfundarbúnað.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinnsson, Einar Sveinn Kristjánsson, Samúel Ingvason, Sigurður Gunnar Benediktsson, Kristmundur Skarphéðinsson, Agnar Ólason og Þorsteinn Hjálmarsson

Fjarfundur: Sigurður Jóhann Erlingsson og Svanur Gunnsteinsson

Fjarverandi: Andrés Bjarnason og Pétur Freyr Jónsson

### Dagskrá :

1. **Fundur stjórna VM og Klipp með forystu ASÍ.** Frestað vegna fjarveru forseta ASÍ. Nýr fundartími verður ákveðinn síðar.
2. **Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 154.** Fundargerð samþykkt og undirrituð.

### 3. Skýrsla formanns

Það er búið að vera mikið að gera í kjarasamningum frá því að við funduðum síðast. Mikið fundað út af kjaradeilu við Ísal, einnig mikið fundað út af sjómannasamningnum. Fundað var líka með Hafró varðandi bókun um vinnutímastyttingu. Iðnaðarmannasamfélagið hefur hist mikið til að ræða framtíðarsýn og einnig út af málum sem við erum að vinna saman eins og löggildingu iðngreina. Þar höfum við náð að koma saman að borðinu en upphaflega átti ekki að hafa okkur með en aftur á móti var SA boðið að vera með. Skýringin var sú að við værum svo margir með svo ólíkar skoðanir. Það þótti nýtt að við værum tilbúnir að koma með tvo fulltrúa á fundinn, þau einn frá Samiðn og lögfræðing 2F.

Hafin er vinna við undirbúning endurnýjunar húsa á Laugarvatni og höfum við notað Gunnar Fannberg hjá Hönnun og Eftirlit okkur til stuðnings. Hann er löggiltur mannvirkjahönnuður og löggiltur pípulagningameistari. Því miður hefur þetta gengið frekar rólega vegna sumarfría þeirra sem að málinu koma. Spurt var hvort kostnaður vegna orlofshúsanna þyrfti ekki að fara fyrir aðalfund og formaður benti á að síðasti aðalfundur hefði verið samþykkt að fara í framkvæmdir. Spurt var hvort stjórn myndi ekki þurfa að samþykkja kostnað áður en byrjað yrði og að sjálfsögðu er það svoleiðis.

Golfmót VM var haldið á Hvaleyrarvelli hjá golfklúbbum Keili þann 6. ágúst sl. Mjög fín þátttaka var á mótinu og veður sérlega gott.

Farið verður í hina árlegu ferð eldri félagsmanna þann 26. ágúst nk. Lagt verður af stað frá Stórhöfðanum kl. 10:00 og áætlað að koma til baka um kl. 17:00, í ár verður farið um Suðurnesin. 11. september verður svo golfmót iðnfélaganna á Akureyri og við erum að sjálfsögðu þátttakendur í því.

### 4. Kjaramál

Við iðnaðarmenn funduðum átta sinnum með Ísal, áttum nokkra fundi með trúnaðarráðinu og nokkra með trúnaðarmönnum iðnaðarmanna. Einnig var haldinn fundur með okkar félagsmönnum og þurfti að gera það í tvennu lagi sökum samkomutakmarkanna. Skrifað var undir samning iðnaðarmanna þann 23 júní þ.e. VM, FIT og Rafiðnaðarsambandsins, gildistími samningsins var frá 1. júní 2021 til ársloka 2026. Kosningu lauk 5. júlí. Á kjörskrá voru 98 og tóku 79 þeirra þátt í kosningunni. Þátttaka var því rúm 80%. Já sögðu 58 eða 73,42%, nei sögðu 21 eða 26.58%. Samningurinn var því samþykktur.

Þá hefur líka verið fundað mikið út af samningum fiskiskipasjómannna við SFS. Það hafðist að lokum að koma öllum saman við samningaborðið og var fulltrúum SFS gert eitt sameigninlegt tilboð frá öllum fimm félögunum. Það er skemmst frá því að segja að mjög illa þokaðist til að byrja með. Gert var smá hlé á viðræðum og fórum við hjá VM og funduðum með okkar mönnum. Fórum í heimsókn í fjögur skip hjá Brim í Grindavík og funduðum svo með vélstjórum í Vestmannaeyjum. Formaður fór svo um borð í nokkur skip á Hornafirði. Aðal tilgangur heimsóknanna var að kanna hvort við gætum boðað verkfall jafnvel einir. Á næstu dögum mun svo koma í ljós hvort SFS er í þessu að fullum heilindum eða bara til að draga okkur fram yfir næstu kosningar. Ef þeir eru bara að draga okkur á asnaeyrunum þá munum við fara í þá herferð sem við höfum hótað.

## 5. Haustþing

Við vorum búin að ákveða að halda þing 8. og 9. október á Hótel Örk. Nú er búið að ákveða að flauta af framhaldsþing ASÍ. Hvað okkur varðar þá ætti það að geta gengið hvað samkomutakmarkanir varðar. Þá er bara spurning hvernig það mun ganga að fá fólk til að taka þátt. Nú þurfum við að ákveða hvað við gerum. Ef við ákveðum að halda okkar striki þá verðum við að halda þó svo mæting verði léleg. Nokkrar umræður voru um þetta og skiptar skoðanir. Að lokum var farið í kosningu og 5 vildu fresta en 4 ekki. Niðurstaðan því sú að vera ekki með þing í haust.

## 6. ASÍ – Þing

Á miðstjórnarfundi í gær var tekin sú ákvörðun að flauta af framhaldsþing ASÍ. Formsins vegna þarf að opna það til að slíta og verður það gert í fjarfundi. Spurt var hvort löglegt sé að halda rafræna fundi og kjósa rafrænt. Ef þetta stendur ekki í lögunum er þetta þá löglegt. Allir lögfræðingar sammála um að þetta sé löglegt.

## 7. Styrkbeiðni

Óskað var eftir styrk vegna rannsóknar á líðan, heilsu og öryggi sjómanna. Þeir eru búnir að vinna skýrslu og nú óska þeir eftir styrk vegna vinnunnar við skýrsluna en hún var unnin fyrir Samgöngustofu. Beiðninni var hafnað en ákveðið að benda þeim á að sækja um hjá Akki.

## 8. Lagt fram til upplýsinga

Formaður sýndi tillögu að skipuriti 2F. Og hvernig hugsunin er með rekstur félaganna. Þetta er ekki samt komið endanlegt en þegar það verður komið þá verðu það að sjálfsgöðu lagt fyrir stjórn. Spurningin er hvernig við getum unnið meira saman og náð hagræðingu í rekstri félaganna. Formaður fór yfir planið og umræður urðu um málefnið.

## 9. Önnur mál.

- Formaður lagði fram fundarplan fyrir haustið. Breyting var gerð á planinu og niðurstaðan þessi:  
16. september  
28. október  
18. nóvember  
09. desember.
- Stjórnarmaður var með nokkrar spurningar sem hann var áður búinn að senda á stjórn í tölvupósti og formaður las upp.  
*Lagt fyrir stjórnarfund sem önnur mál 19-agust 2021, lögfræðingur félagsins, er formaður laganefndar en getur ekki tekið afstöðu í einstaka málum sem tengjast félagi VM? Er þetta heppilegt fyrirkomulag? Þarf ekki uppfæra lög VM.*

### **Spurning stjórnarmanns til lögmanns**

*Góðan daginn*

*Á síðasta aðalfundi VM 2021 kom upp sú staða að verið var kjósa um umdeild mál sem munu kosta félagið nokkur hundruð milljónir og spurning mín til þín sem formanns Laganemdar er sú þarf ekki skoða þessar 2 greinar í lögum félagsins.*

#### **no 1.**

*þarf ekki að breyta lögum félagsins til að rafrænar kosningar séu talin í lagi á Aðalfundi og hvernig sú kosning eigi að fara fram. í lögum félagsins er ekkert sem heimilar það sérstaklega hvernig rafræn kosning skal vera framkvæmd t.d. má kjósa eins oft um sama mál og formanni/fundarstjóra þóknast á sama fundinum hver sem ásætðan er ?/ hver skal vera umhugsunartími.. áður en kosningu líkur. það gerðist á síðasta Aðalfundi það var kosið 2 sinnum um sama mál og seinni kosning látin gilda en ekki fyrri ? en það voru svipaðir anmarkar í báðum kosningum allir fundargestir gátu ekki kosið.!(og aðeins komust 26 menn inn á fundin rafrænt)af 46 sem höfðu skráð sig).Spurning hvort það þurfi vera lámarsfundagesta fjöldi á Aðalfundi tilgreint í lögum félagsins svo fundurinn teljist löglegur.*

#### **no.2**

*Hverjir teljast fullgildir félagar VM og hafa kosningarétt á Aðalfundi.*

*TILVITNUN ÚR LÖGUM VM.*

#### **4. gr. Félagsaðild**

*Félagið er opið öllum sem lokið hafa viðurkenndu vélstjórnarnámi, iðnnámi í málm- og véltæknigreinum, bilgreinum, veiðafæragerð, báta- og skipasmíði svo og námsmönnum og öðrum þeim sem starfa í greinunum. Félagsmenn geta einnig orðið þeir sem vinna að málefnum félagsins og aðrir sem stjórn metur hæfa hverju sinni.*

*Tilvitnun líkur.*

*þarna stendur alveg skýrt hverjir eru fullgildir félagar VM og með kosningarétt á Aðalfundum og það var þannig hér á árum áður þá þurfti að sækja sérstaklega um félagsaðild á umsóknarformi, það nægði ekki að borga bara félagsgjald til félagsins til teljast fullgildir félagsmaður VM, hefur þetta eitthvað breist en það gleymst breita lögunum í samræmi við það ?. Samkvæt þessari grein er félagið ekki opið öllum starfstéttum iðnaðarmann eða fólki með annað grunn eða fagnám en tilgreint er í lögunum!  
( Er ekki heppilegra þetta sé alveg skýrt í lögunum VM ).*

### **Svar lögmanns**

*Svar frá Formanni laganemdar.*

*Stöðu minnar vegna sem lögmaður félagsins þá get ég ekki gefið álit mitt um neðangreint, lögmati aðalfundarins, einstaka ákvarðanir á aðalfundi o.s.frv. nema fram komi beiðni um álit/umsögn frá stjórn félagsins.*

Síðar kom annar póstur frá sama stjórnarmanni og formaður las upp.

Ég sendi þetta sem fyrirspurn um önnur mál inn á stjórnarfund nr.155 til fá umræðu.

Það þarf eitthvað að uppfæra lög félagsins kæru stjórnarfélagar færa þag til nútímans og samræma við lög ASÍ ( ef við viljum vera í þeim félagskap áfram ) það þarf vera skýrara hvaða lög gilda t.d. um stjórnarfund,fulltrúaráðsfund og Aðalfund VM og hver er forgangsröð þegar kemur að stórum ákvörðunum/samþykktum en ég veit þar sem VM er aðili að ASÍ verða lög VM með minna vægi því lög ASÍ eru okkar lögum æðri.(spurning að segja okkar félag VM úr ASÍ til fá ráða okkur sjálfir ? það er kostaður líka að vera í þessum félgskap um 24 milljónir á ári til að fá vera í ASÍ)

Félagi okkar í stjórn benti mér á að samþykkt aðalfundar 2021 um áframhaldandi uppbyggingu sumarhúsa á Laugarvatni væri komin frá fulltrúaráðsfundi 8 ára gömul samþ. ! Þar sem Fulltrúaráðið hafði samþykkt að halda áfram með Laugarvatn uppbyggingu en hefði ekki aðalfundur átt samþykkja þetta frekar á sínum tíma ? , er það rétta boðleiðin um stórar ákvarðanir eða skuldbindingar um veigarmikil útgjöld félagsins að fulltrúaráðsfundur geti skuldbundið félagið til einkvers yfirleitt?. Ég er ekki sérfræðingur um regluverk um samþykktar á aðalfundum VM , en hefði ekki verið eðlilegast fulltrúaráðsamþykktin hefði verið endurnýjum og lögð fram fyrir aðalfundi 2021 og kjósa svo fyrst um að endunýja 8 ára gömlu samþykktini og svo fundurinn síðan kjósa um framkvæmdina / með kostnaðartölum til samþykktar eða synjunar?.

Formaður ákvað að hefja umræðuna á ASÍ og lögnum. Sagt er að lög ASÍ og VM samræmist ekki og spurt hvernig þetta virkar. Lög ASÍ eru æðri en lög VM ef upp koma ágreiningsmál. Spurt var þá að ef við förum í lagabreytingar er það þá löglegt. Formaður sagði að allar breytingar séu í lagi svo framarlega sem þær skarast ekki við lög ASÍ. En hvað varðar fyrri póstin, póstin sem var lesinn á undan þar sem verið er að spurja lögmanninn, bent var á að hann er ekki að spurja lögmanninn heldur formann laganefndar, Formaður sagði að hann hefði rætt þetta svar við lögmanninn, ef hann hefði gefið eitthvað út við stjórnarmann sem stjórnin hefði verið óssammála þá hefði hann verið orðinn vanhæfur sem lögmaður félagsins. Stjórnarmaður er ósáttur við að hann segist ekki geta svarað en formaður benti á að hann segir ekki að hann getir ekki svarað þessu heldur að erindið verði að koma frá stjórn og þá geti hann svarað. Spurt var af hverju við notum ekki lögmenn ASÍ fyrir svona mál og spurt hvort formanni laganefndar beri skylda til að túlka lög eða úrskurða hvort farið var að lögnum. Er ekki annar aðili en laganefndin sem á að úrskurða.

Formaður ræddi næst aðalfundinn , sagði að þegar þú kemur því ekki við að halda aðalfundi vegna einhverra takmarkana þá er heimilt að hafa hann rafrænan.

Í lögnum okkar er búið að leyfa rafrænar kostningar og lögmaður ASÍ mat það þannig að það væri alveg löglegt að vera með rafræna atkvæðagreiðsu á aðalfundi. Stjórnarmaður segir að það vantaði ramman um rafræna kosningu. Hversu langan tíma hefur þú t.d til að kjósa. Formaður benti á að í hvert skipti sem fram fer rafræn kosning þá er tímaramminn gefinn áður en kosning hefst. Formaður sagði að félaginu hefði ekki borist kvörtun um að menn hafi ekki getað kosið. Varðandi það að kosið var 2x á fundinum þá var það bara þannig að það kom engin niðurstaða úr fyrri atkvæðagreiðslunni vegna tæknimála og því var kosið aftur, þetta er ekkert

einsdæmi. Það kom upp smá panik hér þegar þetta gerðist og það var rætt við Advania og fundarstjóra (lögmann ASÍ) hvað ætti að gera og það var úrskurðað að það yrði kosið aftur. Spurt var hvort lögin séu nógu sterk til að rafrænar kosningar séu alveg löglegar. Óskaði var eftir því að bókað væri að í 26 gr. laga VM er tekið á því að rafræn atkvæðagreiðsla er heimil.

Varðandi lögmati fundar þá er hann löglegur þó svo að bara einn mæti svo framalega að hann hafi verið löglega boðaður. Einn benti á að það hefðu örugglega verið fleiri en hann sem hefðu skráð sig á fundin án þess að vera vissir um að þeir myndu geta komist sem skýrir að hluta af hverju fleiri voru skráðir á fundinn en mættu. Formaður upplýsti að skrifstofunni hefði engin kvörtun borist hvorki á meðan að á fundinum stóð né eftir fundinn um að menn hefðu ekki komist inn á hann.

Varðandi samþykkt aðalfundar 2021 um áframhaldandi uppbyggingu á Laugarvatni er vitnað í varamann í stjórn. Formaður bendir á að þessi tillaga sem sögð er frá fulltrúaráðsfundi var lögð fram á aðalfundi 2013 af stjórn. Tillagan var samkvæmt stefnu fulltrúaráðs félagsins um áframhaldandi uppbyggingu á orlofsaðstöðu félagsins að byggja upp kjarna sem er með bestu heilsarnýtinguna. Þetta er ekki fulltrúaráðssamþykkt heldur aðalfundarsamþykkt. Það sem við vorum að gera núna var að fá að byggja 2 ný hús og endurnýja 2. Þarna er verið að skuldbinda félagið um einhverja x tölu þ.e. engin tala lögð fram. Fjárhagsáætlun verður svo lögð fyrir stjórn til samþykktar eða synjunar.

Varðandi félagsaðil þá er það svo að berist greiðslur af félagsmanni og hafi hann ekki þegar sótt um inngöngu í félagið fær hann sent bréf um það og að eftir 6 mánuði sé hann orðinn fullgildur félagi. Óski hann ekki eftir að verða fullgildur er hann beðinn um að senda bréfið undirritað til baka. Þetta var gert á sínum tíma þar sem menn voru oft aukafélagar án þess að vita og gátu því ekki tekið þátt í kosningum. Bent var á að í lögum ASÍ þá þurfir þú að greiða félagsgjöld í 6 mánuði til að verða meðlimur, standast þá okkar lög þegar talið er upp hverjir geta verið félagsmenn. Já það má, félögin geta sett þrengri ramma því félagið verður að hafa kjarasamning fyrir einstaklinginn. Miklar umræður voru á fundinum sem snéru að áðurnefndum tölvupóstum og mjög skiptar skoðanir. Að lokum var óskað eftir að lög VM verði endurskoðuð og færð til nútímans og óskaði eftir að stjórn komi því af stað. Formaður sagðist leggja tillögu um vinnu við lögin fyrir næsta fund.